

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2005/52/EB

frá 9. september 2005

um breytingu á tilskipun ráðsins 76/768/EBE um snrytivörur í því skyni að laga III. viðauka við hana að tækniframförum

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 76/768/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna um snrytivörur ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 8. gr.,

að höfðu samráði við vísindanefndina um snrytivörur og aðrar neytendavörur en matvæli,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/87/EB frá 7. september 2004 um breytingu á tilskipun ráðsins 76/768/EBE um snrytivörur, í því skyni að laga III. viðauka við hana að tækniframförum, var bráðabirgðanotkun sextíu hárlitunarefna, sem skráð eru í 2. hluta III. viðauka við tilskipun 76/768/EBE undir tilvísunarnúmerum 1 til 60 ⁽²⁾, framlengd til 31. desember 2005.
- 2) Samkvæmt hárlitunarefnaáætluninni, sem birt var á Netinu, var samþykkt, í samráði við aðildarríkin og hagsmunaaðila, að leggja skyldi viðbótarupplýsingar um téð hárlitunarefni fyrir vísindanefndina um neytendavörur (SCCP), eigi síðar en í júlí 2005.
- 3) Fulltrúar atvinnugreinarinnar hafa lagt fram viðbótarupplýsingar varðandi 38 hárlitunarefni sem skráð eru í 2. hluta III. viðauka við tilskipun 76/768/EBE. Vísindanefndin um neytendavörur verður að meta þessar upplýsingar. Hvorki verður mögulegt að setja endanlegar reglur um þessi hárlitunarefni á grundvelli slíks mats né leiða þær reglur í lög aðildarríkjanna fyrir 31. desember 2006. Því skal framlengja bráðabirgðanotkun þeirra í snrytivörur samkvæmt þeim takmörkunum og skilyrðum sem mælt er fyrir um í 2. hluta III. viðauka, til 31. desember 2006.
- 4) Slíkar viðbótarupplýsingar hafa ekki verið lagðar fram varðandi 22 hárlitunarefni sem skráð eru í 2. hluta III. viðauka við tilskipun 76/768/EBE. Hugað verður að endanlegum reglum um þessi hárlitunarefni í kjölfar viðeigandi málsmeðferðar. Ekki verður mögulegt að setja endanlegar reglur og færa þær í lög aðildarríkjanna

fyrir 31. ágúst 2006. Því skal framlengja bráðabirgðanotkun þeirra í snrytivörur, samkvæmt þeim takmörkunum og skilyrðum sem mælt er fyrir um í 2. hluta III. viðauka, til 31. ágúst 2006.

- 5) Því ber að breyta tilskipun 76/768/EBE til samræmis við þetta.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um snrytivörur.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í 2. hluta III. viðauka við tilskipun 76/768/EBE er g-dálki breytt sem hér segir:

1. að því er varðar tilvísunarnúmer 1, 2, 8, 13, 15, 17, 23, 30, 34, 40, 41, 42, 43, 45, 46, 51, 52, 53, 54, 57, 59 og 60 komi dagsetningin „31.08.2006“ í stað „31.12.2005“.
2. að því er varðar tilvísunarnúmer 3, 4, 5, 6, 7, 9, 10, 11, 12, 14, 16, 18, 19, 20, 21, 22, 24, 25, 26, 27, 28, 29, 31, 32, 33, 35, 36, 37, 38, 39, 44, 47, 48, 49, 50, 55, 56 og 58 komi dagsetningin „31.12.2006“ í stað „31.12.2005“.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. janúar 2006. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 262, 27.9.1976, bls. 169. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2005/42/EB (Stjtið. ESB L 158, 20.6.2005, bls. 17).

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 287, 8.9.2004, bls. 4.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 9. september 2005.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Günter VERHEUGEN

varaforseti.
